



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 13. júlí 2021

2107007SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að grænbók um samgöngumál, mál nr. S-142/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda dags. 6. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögnum drög að grænbók um samgöngumál. Um er að ræða fyrstu grænbók um þetta málefni en eins og fram kemur í drögunum er á hverjum tíma unnið að samgöngumálum á grundvelli samgönguáætlunar sem Alþingi samþykkir.

Ábendingar við stöðumat í köflum 1-3

Tilfni er til að hrósa ráðuneytinu fyrir skýra framsetningu stöðumats, sem er afar upplýsandi um helstu áskoranir og lykilviðfangsefni í náinni framtíð. Auk umfjöllunar í meginefni skjalsins er stöðu einstakra verkefna samgönguáætlunar lýst í viðauka, sem gerir skjalið enn aðgengilegra.

Almennt er ekki tilfni til ábendinga við stöðumatið en þó þykir rétt að kalla eftir ítarlegri skoðun á örfáum atriðum:

1) Á bls. 19-20 er fjallað um staðsetningu og uppbyggingu alþjóðaflugvalla. Tilfni er til að fagna því að framkvæmdir eru hafnar við að stækka flughlað og flugstöð á Akureyrarflugvelli enda eru þær framkvæmdir brýnar og hefur þeirra verið beðið lengi. Jafnframt er fyrirhugað að ráðast í framkvæmdir á Egilsstaðaflugvelli. Þessar framkvæmdir munu auka öryggi í millilandaflugi ásamt því að auka möguleika á að flugsamgöngur erlendis frá verði til fleiri staða en SV-hornsins.

Eftir stendur langvarandi óvissa um framtíðarstaðsetningu millilandaflugs til SV-hornsins. Ljóst er að langvarandi óvissa um hvort ráðist verði í byggingu nýs alþjóðaflugvallar í Hvassahrauni eða á öðrum stað á SV-horninu getur hamlað nauðsynlegum framkvæmdum. Mikilvægt er því að sem fyrst fáist niðurstaða í þetta málefni.

2) Á bls. 21-22 er fjallað um almenningssamgöngur. Að áliti sambandsins er tilfni til að setja markmið um að nú þegar verði hafin vinna við gerð sérstakra laga um almenningssamgöngur á landi enda er það skýr vilji Alþingis, sem legið hefur fyrir frá árinu 2017 [var ítrekaður á nýafstöðnu þingi](#). Úrbætur í þessum efnunum eru m.a. nauðsynlegur þáttur í þeirri uppbyggingu sem framundan er í almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Um nánari rökstuðning fyrir þessari afstöðu vísast til [umsagnar sambandsins](#) frá 29. apríl 2021 um frv. um breytingar á lögum um farþega- og farmflutninga, 690. mál.

3) Á bls. 39-40 er umfjöllun um svifryksmengun og vísað til þess að Umhverfisstofnun ESB áætli að ótímabær dauðsföll hér á landi af völdum fíngerðs svifryks séu um 60 á ári. Raunar gætir hér eilíttillar ónákvæmni því í umræddri skýrslu segir að fjöldi dauðsfalla sé í kringum 80 á ári. Jafnframt er vísað til þess að í aðgerðaáætlun um loftgæði til framtíðar 2018-2029 sé markmið að dauðsföll verði orðin færri en fimm árið 2029.

Án þess að vilja gera lítið úr þeim umhverfisvanda sem stafað getur af svifryksmengun virðist vera ástæða til að setja umtalsverða fyrirvara við að ganga út frá fyrrgreindri tölu um árleg dauðsföll af völdum svifryksmengunar. Lítið mun vera um rannsóknir hér á landi á áhrifum svifryks frá umferð á lífslíkur fólks og er áætlun ESB því byggð á alþjóðlegum rannsóknum á þessari v. Vert væri því að setja það sem áhersluverkefni í samgönguáætlun að hvetja til rannsókna á stöðu mála hér á landi og verja til þess fjármagni að tryggja að þær fari fram.

Vert er að undirstrika jafnframt að mikill árangur hefur náðst í að fækka dauðsföllum vegna umferðarslysa og eðlilegt að leggja ekki síður áherslu á að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar um dauðsföll af völdum mengunar frá umferð, þannig að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana til að fækka þeim.

Að áliti sambandsins væri athugandi að bæta við öðru markmiði sem fram kemur í stefnunni Hreint loft til framtíðar, sem er að fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7-20 skiptum niður í núll skipti fyrir árslok 2029. Má væntanlega leiða líkur að því að einfaldara muni reynast að mæla árangur þess markmiðs heldur en fjölda dauðsfalla á ári af völdum svifryks.

4) Almenn athugasemd er að stundum mætti koma fram skýrari tenging í skjalinu við áætlanir sem eru á ábyrgð annarra ráðuneyta. Sérstaklega mætti leggja meiri þunga í að tengja tillögur við aðgerðir sem stuðla að markmiðum um kolefnishlutleysi og sjálfbæra ferðaþjónustu í sátt við umhverfi. Sem dæmi má ítreka ábendingar í umsögn sambandsins frá 7. mars 2019 um drög að stefnu ríkisins í almenningssamgöngum - Ferðumst saman, þar sem bent var á að mikil tækifæri felist í að beina farþegum og starfsfólki á leið til og frá Keflavíkurflugvelli í stórauðnu mæli í almenningssfarartæki. Augljóst er að áhersla á slíkt markmið fæli í sér mikinn stuðning við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030.

Ábendingar við kafla 4 um valkosti, framtíðarsýn og áherslur til umræðu

Kaflinn hefur að geyma allmargar tillögur sem ætlað er að koma til viðbótar verkefnum sem þegar eru í samgönguáætlun. Skynsamlegt kann að vera að forgangsraða þessum verkefnum og mögulega fækka þeim eitthvað. Að áliti sambandsins falla mörg þessara nýju verkefna þó vel að annarri stefnumótun

stjórnvalda, s.s. að fjarskiptaáætlun og drögum að endurskoðaðri landsskipulagsstefnu.

Varðandi ný markmið um öruggar samgöngur virðist tilefni til að leggja áherslu á að auka öryggi smáfarartækja í umferðinni. Hröð þróun í notkun slíkra farartækja sem samgöngumáta getur stuðlað að markmiðum stjórnvalda um að auka vægi vistvænna samgangna en jafnhliða er nauðsynlegt að huga að reglum til að auka öryggi.

Í þessu sambandi hafa rafmagnshlaupahjól verið nokkuð til umræðu enda töluvert um slys á slíkum farartækjum. Hér mætti t.d. horfa til reynslu frá Noregi þar sem mikil umræða og þróun í löggjöf er að eiga sér stað. Þar er sveitarfélögum nú heimilað með lögum að takmarka fjölda rafmagnshlaupahjóla til útleigu innan sinna marka og einnig að setja reglur um þann tíma sem þau eru í notkun, til að minnka líkur á slysum. Sektir eru jafnframt heimilar fyrir ranga notkun slíkra farartækja, m.a. fyrir stöðubrot, ógætilegan akstur, óheimilan fjölda farþega o.fl. Löggjöf hér á landi þarf að taka mið af breyttum aðstæðum ásamt því að stórauka þarf fræðslu um rétta notkun þessara farartækja.


Hvað varðar markmið um jákvæða byggðapróun telur sambandið brýnt að við ákvarðanir um þjónustustig á vegum verði horft sérstaklega til þeirra leiða sem nýttar eru til skólaaksturs þannig að tryggt sé að þjónusta við þær sé í forgangi.

Lokaorð

Að lokum telur sambandið vera sérstakt tilefni til þess að hrósa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu enn og aftur fyrir þann metnað sem það hefur sýnt á undanförunum árum við að bæta stefnu- og áætlanagerð á málefnasviði ráðuneytisins. Þau drög sem hér eru til umsagnar gefa ágæt fyrirheit um að sá metnaður fari síst minnkandi og væntir sambandið góðs samstarfs við ráðuneytið um slík verkefni á komandi árum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs